

REYKJAVÍKURBORG

JANÚAR 2021

Frístundastyrkir íþróttá- og tómstundasviðs: Þróun þátttöku eftir kyni og greining á aðgengi innan hverfa

*Skýrsla starfshóps Íþróttá- og tómstundasviðs um kynjaða fjárhags- og
starfsáætlun*



Íþróttá- og tómstundasvið

Þjónustupáttur: Frístundakort þátttaka barna í íþrótt- og tómstundastarfi

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Íþrótt- og tómstundasvið

Nafn ábyrgðaaðila: Ómar Einarsson

Greiningaraðilar/teymi: Jóhanna Garðarsdóttir og Andrés B. Andreasen

Inngangur

Rannsóknirnar Ungt fólk, sem framkvæmdar hafa verið í fjöldamörg ár á íslenskum börnum og unglingum sýna með skýrum hætti að skipulagt tómstundastarf hvort sem það er í formi íþrótt, tónlistarnáms eða annars konar félagsstarfs hefur jákvæð áhrif á líf barna og ungmenna.

Börn og ungmenni sem eru þátttakendur í slíku starfi líður betur en þeim sem ekki stunda skipulagt starf. Sýnt hefur verið fram á að þau börn eru líklegri til þess að farnast betur í námi, eiga auðveldara með að mynda vinasambönd ásamt því að þau eru síður líkleg til þess að nota vímuefni eða þróa með sér andfélagslega hegðun¹.

Frístundakortinu er ætla að styðja börn á aldrinum 6-18 ára til þátttöku í skipulögðu tómstundastarfi og styðja með því við andlega og líkamlega heilsu barna í borginni.

Lýsing á verkefni og afmörkun

Þjónustupátturinn Frístundakort er skoðaður út frá jafnréttissjónarmiðum. Verkefnið var annars vegar að skoða þróun á þátttöku Reykvískra barna í skipulagðri starfsemi á árunum 2012-2020 og hins vegar að greina aðgengi barna til þess að stunda skipulagðar tómstundir eftir hverfum.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins var annars vegar að skoða hvort að aukning hefði verið á þátttöku barna með tilkomu frístundakorts og hins vegar reyna að skoða hvernig þátturinn aðgengi hefur áhrif á þátttöku.

Gögn og greining

Frístundakortið er staðsett á skrifstofu Íþrótt- og tómstundasvið og einn starfsmaður sinnir verkefnum Frístundakortsins.

Gögnum er safnað um þátttöku reykviskra barna í skipulagðri starfsemi. Gögnin berast rafrænt við skráningu forráðamanna úr kerfum í eigu félaga í Reykjavík. Reykjavíkurborg býður félögum sem ekki eru með eigin kerfi upp á lausn til þess að tengjast frístundagátt borgarinnar. Þær upplýsingar sem

¹ <https://rannsoknir.is/skyrslur/>


Reykjavíkurborg safnar og geymir eru kyn, aldur, búseta, grein sem barn er skráð í og ráðstöfuð upphæð.

Greining fór fram á þann hátt að gögn úr frístundakerfi voru skoðuð og borin saman milli ára 2012 og 2020 til þess að fá upplýsingar um þátttöku í frístundastarfi eftir kynjum. Því næst var þróun innan einstakra greina skoðuð eftir kynjum. Að lokum voru hverfin skoðuð hvert fyrir sig og skoðað hvert börn í viðkomandi hverfi sækja til að stunda sínar íþróttir.

Niðurstöður

Þegar Frístundakortinu var komið á fót árið 2007 var um helmingur barna í Reykjavík þátttakendur í skipulögðu starfi. Þátttaka jókst hratt fyrstu árin og hefur aukist jafnt og þétt.

Sjá má að þátttaka drengja er að jafnaði aðeins meiri en þátttaka stúlkna. Niðurstöður eru þær þátttaka drengja jókst jafnar en þátttaka stúlkna. Meiri sveiflur eru í þátttöku stúlkna, en árið 2019 var þátttaka þeirra orðin meiri en drengja eftir að hafa verið um 2% færri árin á undan.



Mynd 1 Sýnir hversu hátt hlutfall barna af hvoru kyni hafa nýtt frístundastyrk milli 2012 og 2020

Einnig má sjá að lokanir vegna Covid 19 hafði meiri áhrif á stúlkur en drengi og þátttaka þeirra dróst mun meira saman. Þegar skoðað er hvaða greinar börn iðka kom í ljós að flestir iðkendur eru í:


- Knattspyrnu
- Handbolta
- Tónlist
- Líkamsrækt

- Fimleikum


Eins og sjá má á mynd 2 og 3 er iðkun drengja og stúlkna ólík.

Á mynd 2 má sjá að flestar stúlkur eru í tónlistarnámi, þar á eftir eru fimleikar vinsælastir og í þriðja sæti kemur knattspyrna.

Knattspyrnan sker sig út hjá drengjum eins og mynd 3 sýnir þar sem áberandi flesta iðkendur má finna þar.



Mynd 2 sýnir fjölda stúlkna í hverri grein frá árinu 2012



Mynd 3 sýnir fjölda drengja í hverri grein í hverri grein frá árinu 2012

	Flestir æfa hjá	Næst flestir	Þriðja sæti	Fjórða stæti	Fimmta sæti
101	KR	Valur	Laugar	Gróttta	Dans Birnu Björns
102	Valur	Víkingur	Gróttta	Ármann	Mjöltnir/Do-Re-Mí
103	Fram	Víkingur	Valur	Ármann	IR/Laugar
104	Ármann	Þróttur	Laugar	Skautaf. Rey	TBR
105	Valur	Ármann	Þróttur	Laugar	JSB
107	KR	Gróttta	Laugar	Do-Re-Mí	Dans Birnu Björns
108	Víkingur	Ármann	Fram	Dans Birnu Björns	ÍR
109	ÍR	Laugar	Dans Brynju P	Tónsk. Eddu Borg	Fylkir/Gerpla
110	Fylkir	Laugar	Ármann	Fjöltnir	Tónsk. Árbæ
111	IR	Leiktnir	Laugar	Dans Brynju P	Tónsk. Sigursv
112	Fjöltnir	Laugar	Dans Brynju P	Leynileikhúsið	Tónlistask. Graf.
113	Fram	Fjöltnir	Reebok	Laugar	Dans Birnu Björns
116	UMFK	Tónsk. Kjalarness	Afturelding	Fjöltnir	Æsir

Að lokum var skoðað hvert börn úr hverju póstnúmeri eru að sækja tómsundur

Mynd 4 sýnir þau fimm til sex félög sem flest börn úr hverju póstnúmeri velja

Þegar þessi tafla er skoðuð þá kemur í ljós að mismunandi er hvort börn geti sótt helstu tómsundur innan síns hverfis. Flest börn geta sótt tómsundur í nærumhverfi sínu í póstnúmerum 104, 105 og 112. Póstnúmer 108 hefur á hinn bóginn færstar tómsundur sem hægt er að sækja innan hverfis.

Umræður

Eftir greiningavinnuna var mörgum spurningum svarað og enn fleiri vöknudu. Frístundakortið er að ná markmiði sínu um að auka jöfnuð og aðgengi barna að skipulögðu tómsundastarfi eins og sjá má á bættri nýtingu, en ljóst er að fleiri þættir spila þar inn.

Slakari nýting stúlkna árið 2020 má að mörgu leyti skýra með því að þær sækja frekar tónlistarnám og greinar sem bjuggu við miklar takmarkanir í faraldrinum. Nýting drengja þar sem mjög hátt hlutfall velur knattspyrnu hefur ekki orðið eins mikið fyrir áhrifum faraldursins. Reykjavíkurborg kallaði eftir gögnum um brottfall frá félögum árið 2021, en þau gögn sýndu ekki fram á að mikið brottfall væri til staðar. Hins vegar lengdu mörg félög tímabil þar sem starfsemi hafði verið skert og því komu skráningar ekki fram fyrr en á árinu 2021. Ljóst er að fylgjast þarf með þessari þróun næstu ár.

Það að ráðstöfun stúlkna hafi fram til 2019 verið lægri en drengja vekur einnig upp spurningar. Gera þarf sérstaka rannsókn á þeim greinum sem kynin velja, skoða á hvaða aldri brottfall hefst og hverjar ástæðurnar eru. Í fyrri rannsóknum á Frístundakorti hefur verið sýnt fram á að mest þátttaka er hjá börnum í hópnunum 6-9 ára og 10-12 ára fylgir þar fast á eftir, en eftir það byrjar ráðstöfunum að fækka. Gera þarf kyngreinda rannsókn á því hvort munur sé á því hvenær brottfall hefst eftir þeim greinum sem börn velja.

Einnig kom fram að þörf er á því að rannsaka betur aðstöðumun barna í borginni, því ljóst er að börn hafa ekki öll jafnan aðgang að tómsundum innan síns hverfis. Hverfi 104, 105 og 112 ná best að þjónusta sín börn en hverfi 108 síst.

Að lokum má benda á að þörf er á betra tæki til þess að skoða skráningar barna sem ekki nýta Frístundakort, en eru skráð í tómsundir. Jafnframt þyrfti að vera hægt að skoða gögnin eftir nánari búsetu s.s. skólahverfum til þess að greina þátttöku betur.